

**3. mál Umræða um hvetjandi fyrirkomulag fyrir þá sem eru atvinnulausir og fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)**

**Áslaug Friðriksdóttir:** Borgarstjóri og borgarfulltrúar. Þá langar okkur Sjálfstæðismenn hér að fara í umræðu um hvetjandi fyrirkomulag fyrir þá sem eru atvinnulausir. Og ég ætla að fara hérna yfir nokkur atriði sem að mér finnst skipta máli að við séum öll meðvituð um og vitum svolítið hvernig liggja. En það hefur verið rætt um atvinnuleysi hérna í dag í umræðunni um ársreikninginn og skráð atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu í apríl síðastliðnum var 8,9% en fyrir landið í heild 8,1%. 73% atvinnulausra eru hins vegar búsettir á höfuðborgarsvæðinu og 45% í Reykjavík miðað við þessar tölur. Það sem mig langar sérstaklega til að vekja athygli á að inn í þessar tölur koma ekki tölur þeirra sem eru atvinnulausir og njóta fjárhagsaðstoðar sveitarfélagsins til framfærslu, þó að þeir séu klárlega atvinnulausir og njóti framfærslunnar vegna atvinnuleysis.

Þannig að það er ákveðið ósýnilegt atvinnuleysi í borginni og eflaust í öðrum sveitarfélögum líka. Hluti sem sagt af atvinnuleysistöllum er hulinn og kemur ekki fram í greinargerðum Vinnumálastofnunar. Nokkur hundruð manns fá nú fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg eingöngu vegna atvinnuleysis en ekki af öðrum félagslegum ástæðum. Þetta eru til dæmis einstaklingar sem koma úr námi og hafa ekki verið á vinnumarkaði nógu lengi til að hafa öðlast rétt til atvinnuleysisbóta, en til þess að hafa fullan bótarétt þarf að hafa stundað vinnu undanfarna 12 mánuði og einstaklingar sem hafa verið lengur atvinnulausir en 4 ár eiga ekki lengur rétt á atvinnuleysisbótum og einstaklingar sem hafna starfi fá skertar bætur og missa svo rétt til bóta og eiga þá rétt á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Og þetta er klárlega hópur fólks sem er atvinnulaus en er ekki talinn með inn í tölum Vinnumálastofnunar.

En hvert er þá þetta raunverulega atvinnuleysi í Reykjavík og ég reyndi að rýna þessar tölur aðeins til þess að átta mig á þessu og gefa hér greinagóð skil. Velferðarsviðið er auðvitað á vaktinni og hefur farið í sérstaka aðgerðaráætlun til að fylgjast með hvað er að gerast í þeirra starfsemi. Og við fáum minnisblöð og lykiltölur reglulega um stærð og gerð hópsins. Það er hægt að lesa úr þessum skjölum að sá hópur sem hefur verið á framfærslustyrk í 12 mánuði skiptist þannig, að um helmingur er atvinnulaus en hinn helmingurinn að langstærstum

Bstj. 17. maí 2011

hluta sjúklingar sem eru ekki á leið út á vinnumarkaðinn. Gera má ráð fyrir því að á heildina litið sé hlutfall atvinnubærra minnst í þessum hópi og má því áætla að um 2/3 sem framfærslu njóta séu í raun atvinnulausir og eru í rauninni á vinnumarkaðinum þó þeir hafi ekki vinnu. Þegar að tillit er tekið til þessara talna þá eykst atvinnuleysið verulega. Ef við gefum okkur að skipting hópsins sé eins og hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu má áætla að atvinnuleysi á því svæði sé um 10%, en ekki 8,9% eins og skráð er hjá Vinnumálastofnun í dag.

Fjöldi þeirra sem hafa framfærslustyrk hjá Reykjavíkurborg sér til lífsviðurværis jókst um 18% milli ára 2009 og 2010, og nú á fyrstu mánuðum þessa árs er ljóst að eitthvað verður til bragðs að taka, því að miðað við sama ársfjórðung síðasta árs fjölga fólki á framfærslu um 30%. 500 manns hafa bæst við frá því á sama tíma í fyrra sem þurfa framfærslu sveitarfélagsins til lífsviðurværis. Þetta eru alvarlegar tölur og kalla á að við ræðum þessi mál, greinum þau ennþá betur og ákveðum hvernig við ætlum að bregðast við. Í byrjun þessa árs framlengdi velferðarráðherra tímabilið sem að atvinnulausir eiga rétt á á atvinnuleysisbótum, en þau voru 3 ár en eru í dag 4 ár. En árið 2006 var þessu tímabili breytt þannig að fyrr var það 5 ár en var svo stytta niður í 3 ár. Um leið og einhver er búinn að vera atvinnulaus í 4 ár í dag á hann ekki lengur rétt til atvinnuleysisbóta en færast þá yfir á framfærslu hjá sveitarfélagi.

Um næstu áramót eru 3 ár frá hruni og það er ljóst að sú fjölgun sem þá varð í hópi atvinnulausra mun að einhverju leyti skila sér til sveitarfélaganna. Og við getum átt von á því að sjá aukin fjölda bara út af þessu. Úr frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar sem tóku gildi 2006 þar sem að tímabilinu var breytt var því haldið fram að ástæða þess að stytta mætti tímabilið væri að fólk væri í rauninni ekki í virkri atvinnuleit svo lengi. Enda var þá nánast ekkert atvinnuleysi. Nú eru bara breyttir tímar enda hefur velferðarráðherra svo sem brugðist við, en ég held að við þurfum í borginni að vinna að því og fara bara að ganga í þá vinnu að fá þetta tímabil lengt aftur í 5 ár. Þetta verður annars fullerfitt fyrir sveitarfélögin að bregðast við. Það er líka eitt við þetta kerfi allt saman, þegar að klárlega atvinnulausu fólki er einhvern veginn sveiflað yfir á framfærslu hjá sveitarfélagi sem hefur í rauninni ekki sömu burði til að veita því þá þjónustu sem þarf í virkri atvinnuleit.

Bstj. 17. maí 2011

Hvaða skilaboð erum við að gefa því fólki, erum við að afskrifa það á einhvern hátt? Vinnumiðlun er ekki að sinna því eins og við viljum að hún mundi gera og vildum helst sjá að hún mundi gera. Og þrátt fyrir að Reykjavíkurborg hafi sérstaklega sett á fót verkefni til þess að auka virkni og samið þannig við Vinnumiðlun til að vinna með þessu fólki meira en þau gera einhvern veginn sjálfviljug, þá hefur það bara ekki gengið nægilega vel. Og í frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar segir; að sú breyting að fólk fari fyrir yfir á framfærslu sveitarfélagsins, þá eigi það ekki að útiloka það að einstaklingar geti átt rétt á þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum samhliða annarri þjónustu enda þótt það verði ekki talið í virkri atvinnuleit í skilningi frumvarps þessa, segir nákvæmlega þar. Þannig að ég held einhvern veginn að við séum ekki að nýta þann rétt sem okkur ber fyrir hönd þessa fólks og við verðum að vinna með þeim og beita okkur ennþá betur fyrir því að þau fái þá þjónustu sem þau eiga skilið.

Ráðgjafar á þjónustumiðstöðvunum taka ákvarðanir varðandi það hvaða einstaklingum er boðin þátttaka á náskeiðunum og frá því að þessi samvinna var sett á fót hafa 14 einstaklingar tekið þátt í námskeiðum Vinnumiðlunar. Og mér finnst það bara eiginlega tala sem er svo alltof lág miðað við það að 500 manns hafa bæst við frá áramótum.

En umræðan um atvinnuleysi og hvetjandi kerfi er aðeins flóknari en þessi. Eins og ég nefndi áðan að þá er fjöldi þeirra sem að þurfa fjárhagsaðstoð fjölgað um 30% á milli ára. Þessa fjölgun er ekki bara hægt að rekja til atvinnuleysis í kjölfar hrunsins. Hér er frekar um að ræða fjölgun fólks sem útskrifast eða hættir í námi, finnur ekki vinnu og á ekki rétt á atvinnuleysisbótum og kemur því beint til sveitarfélagsins. Atvinnuleysisbótarétturinn myndast út frá því hversu mikið fólk hefur verið í vinnu síðustu 12 mánuði og hafi það ekki unnið til dæmis síðustu 12 mánuði eða verið í námi á það ekki rétt á þeim bótum. Það sem mér þykir líka afar athyglisvert í tölunum sem fyrir okkur í velferðarsviði eru lagðar er það, að af þeim 1700 sem í dag njóta fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg eru 70% 40 ára og yngri. Og ég er ansi hrædd um það að við séum að byrja að sjá vísi að þeim erfið leikum sem að við höfum hingað til ekki verið að glíma við til jafns og til dæmis norðurlandaþjóðirnar. Þar sem hefur verið geysimikil uppsöfnun félagslegs vanda vegna þess að fólk festist í viðjum langtíma atvinnuleysis og óvirkni. Og

Bstj. 17. maí 2011

margöft höfum við heyrt talað um þann vanda sem verður til þegar að fólk býr við 2ja og 3ja kynslóðar atvinnuleysi. Því tel ég að við þurfum að fara í gegnum kerfið okkar og bæta úr.

Þjónusta velferðarsviðsins hefur auðvitað miðast við að sinna þeim sem hafa átt við félagslegan vanda, öldrun eða fötlun að stríða. Þjónustan var ekki byggð upp til að sinna atvinnulausum, enda höfum við í velferðarráði oft heyrt að starfsmenn benda okkur á þetta, að þeir séu ekki að reka vinnumiðlun og við getum ekki ætlast til þess að þeir geti veitt sömu þjónustu og vinnumiðlun á að gera. Og við ætlum ekkert endilega að vera að reka vinnumiðlun en við þurfum greinilega að gera eitthvað, því að það er enginn að gera þetta fyrir okkur. Við verðum að verja þessa þjónustu sem við eigum að vera að veita og þá þjónustu og fjármuni sem við þurfum að veita til þeirra sem minna mega sín. Mjög mikilvægt er að hafa kerfi sem býr ekki til félagsleg vandamál. Og kerfið verður að vera þannig gert að það hvetji til virkni. Virkni er hugsanlega besta aðferðin sem við höfum til þess að verja velferðina.

Við lögðum fram breytingartillögu á sínum tíma þegar að tillaga Samfylkingar og Besta flokksins um hækkun fjárhagsaðstoðar núna um áramóti var hérna lögð fram og við fórum fram á það að hún yrði endurskoðuð hvað virkni varðar, en það var fellt. Og mig langar nú bara til þess að lesa tillöguna upp svona – rifja hana upp, með leyfi forseta, hún hljóðaði svo:

Lagt er til að breytingar á fjárhagsaðstoð verði endurskoðaðar með tilliti til virkniúrræða og af þeim 350 milljónum sem áætlaðar hafa verið í hækkun grunnfjárhæða fari að minnsta kosti þriðjungur upphæðarinnar í virkniúrræði.

Eins og við vitum öll að þá var þessi tillaga felld og tillaga um hækkun fjárhagsaðstoðar samþykkt. Við bókuðum þá, mig langar líka að lesa það því að mér finnst það skipta máli í þessari umræðu, bókun okkar hljóðaði svona:

Fyrir liggur tillaga Samfylkingarinnar og Besta flokksins um að verja um 350 milljónum kr. á næsta ári í hækkun fjárhagsaðstoðar, sem sagt árið 2011.

Það er alltaf gott ef að hægt er að hækka ráðstefnutekjur fólks og sérstaklega þeirra sem minna mega sín, en það er umhugsunarvert þegar að ráðstöfunartekjur þeirra sem eru á fjárhagsaðstoð eru orðnar hærri heldur en þeirra sem hafa

Bstj. 17. maí 2011

atvinnuleysisbætur og jafn háar ráðstöfunartekjum þeirra sem vinna fyrir lægstu launum á vinnumarkaði. Því hafa ber í huga að fjárhagsaðstoð er neyðaraðstoð og flokkast sem styrkur en ekki laun. Fjárhagslegur hvati til þess að sækja út á vinnumarkaðinn er horfinn. Eins og sést á samanburðartöflum sem að gefnar voru út þegar að þessi umræða átti sér stað um ráðstöfunartekjur þeirra sem eru á fjárhagsaðstoð, atvinnuleysisbótum og á vinnumarkaði er fjárhagslegur hvati til að sækja út á vinnumarkaðinn að þurrkast út með tillögum Besta flokksins og Samfylkingarinnar.

Við hækkun fjárhagsaðstoðar um 19% er sá munur sem er á ráðstöfunartekjum launamanns sem tekur tæpar 200 þúsund kr. í mánaðarlaun og þess sem er á fjárhagsaðstoðinni í raun orðinn lítill sem enginn. Sé tekið tillit til þess að hinn vinnandi þarf að greiða kostnað við að koma sér til og frá vinnu, auk annars kostnaðar sem fylgir því að vera vinnandi. Hvatinn til að vinna í svokölluðum láglaunastörfum fer því þverrandi og er nánast enginn þar sem fólk hefur það ekkert betra fjárhagslega en ef það hætti að vinna og fer á fjárhagsaðstoð. Og það er þannig að þrátt fyrir að margir haldi því fram að enginn vilji vera á fjárhagsaðstoð og að fólk hafi innbyggðan hvata til að reyna að koma sér út úr því og enginn vilji sitja þar. Þá er það samt þannig að það er viðtekið að þegar að það er of viðtekið í samfélaginu, að það sé erfitt að finna vinnu að þá verður innri virkni fólks minni. Og ég ætla að halda áfram að lesa hér í bókuninni:

Í því ástandi sem nú ríkir þar sem almennt er talið erfitt að finna sér vinnu og nokkurt vonleysi ríkir almennt er alls ekki heppilegt að jafna fjárhagsaðstoð við stöðu þeirra sem lægstu launin hafa, því að það mun valda því að fólkið á fjárhagsaðstoð fjölgar og hægjast mun á því að fólk sækji út á vinnumarkaðinn. Virkniúrræði til að efla sjálfshjálp er raunveruleg aðstoð við að brjótast út úr fátækt og það er mat fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að betur væri með féð farið að nýta það í svokölluð virkniúrræði og önnur atvinnuskapandi úrræði. Hækkun grunnfjárhæða mun ekki ein og sér bæta úr vandanum. Mun meiri hjálpa þarf að koma til að leysa úr raunverulegum vanda fólksins og sporna gegn fátækt til lengri tíma. Leggja ætti áherslu á virkniúrræði sem miða að því að efla og skerpa á getu og kunnáttu þeirra sem nú eru á fjárhagsaðstoð og hjálpa þeim að komast út í atvinnulífið. Verði ekkert gert er hætta á því að enn fleiri festist í viðjum fátæktar til lengri tíma og tillaga meirihlutans vinni því í raun ekki að framsettum markmiðum eða þeim að sporna gegn fátækt.

Tilvitnun lýkur. Það er hins vegar svo að við erum öll í velferðarráði sammála um það að virkni er af hinu góða. Við viljum leggja áherslu á virkni. Og í bókunum

Bstj. 17. maí 2011

Samfylkingar og Besta flokksins hafa þau lýst yfir að þau styðji virkni og vilji frekari virkniúrræði sem er frábært. Vinstri græn hafa líka tekið undir þetta að efla þurfi virkni úrræði en hins vegar án þess að það skerði grunnfjárhæðir. Og við erum því öll sammála um að virknina þurfi að auka, en að mínu mati erum við samt ekki að gera nóg.

Það sem að við þurfum að ræða er að hvort eðlilegt sé að fjárhagsaðstoð sér greidd án þess að neinar kröfur til þess sem fær bæturnar sé að ræða. Hvað erum við að segja til dæmis með því. Að mínu mati erum við að gefa þau skilaboð að fólkið hafi ekkert að bjóða. Það hafi ekkert að bjóða. Það hafi ekkert að gera í samfélaginu eða þá að við berum ekki virðingu fyrir getu þess og þau fái nú greitt og þurfi ekki að gera neitt. Og það er þá bara í lagi að ungt fólk til dæmis, sem þessum hópi tilheyrir, vaki á næturnar, vakni ekki á morgnanna, enda er það ekki til neins, því að það er ekkert sem bíður. Mér finnst þetta ekki eðlilegt og mér finnst þetta bara eiginlega andfélagslegt og ég vil bara að við ræðum um hvort að við eigum ekki að breyta þessu af fyllstu alvöru. Mjög mikilvægt er að við skoðum hvernig við hvetjum þá sem búa við þann veruleika að þurfa að lifa á framfærslu sveitarfélagsins. Hvetjum þá til dáða til þess að vinna eigin sigra til þess að auka starfshæfni og öðlast reynslu, þannig að líf þeirra drabbist ekki niður og við séum í raun að hvetja til eða gera félagslegum erfiðleikum auðveldara að setjast hér að.

Og þá að öðru sem er mikilvægt að bæta úr. Þetta er vandamálið sem felst í því, að um leið og félagslegir erfiðleikar eru til staðar þá opnast dyr að kerfi sem bætir verulega fjárhagslega stöðu og veitir aðgang að kerfi sem öðrum bjóðast ekki. Hér tala ég til dæmis um sérstakar húsaleigubætur, úthlutun félagslegs húsnæðis og aðgengi að heimildargreiðslum vegna ýmissa mála samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð. Bæði er ýmislegt í þessu kerfi sem veldur því að mikill þrýstingur er inn á það, enda til mikils að vinna. Sérstakar húsaleigubætur eru 1300 kr. fyrir hverjar 1000 kr. sem viðkomandi fær greiddar í almennar húsaleigubætur og þetta getur mest orðið 70 þúsund kr. á mánuði eða 75% af leiguverði á mánuði. Oft á tíðum gengur fólki illa að finna leiguhúsnæði á almennum markaði, þannig að fólk leitar mikið til sveitarfélagsins, þó að leigan sé alls ekkert endilega ódýrari þar.

Og kerfið virkar þannig að til þess að eiga rétt á þessum sérstöku greiðslum sem að verða til ef að félagslegur vandi er til staðar, þá er þörf hvers og eins metin. Þörfin er metin út frá aðstæðum, bæði félagslegum og fjárhagslegum. Það er algjörlega ljóst að í mörgum tilfellum er það svo að það er farsælla fyrir marga að gera minna sjálfir en þeir geta, til dæmis að finna sér ekki húsnæði upp á eigin spýtur, vegna þess að þá verða þeir ekki metnir í sömu þörf og öðlast ekki þennan rétt til aukinna bóta, eins og hinir sem að hjálpa sér sjálfir. Og þetta finnst mér ekki gott, þetta er ekki hvetjandi, þetta er ekki til þess fallið að fólk hjálpi sér sjálft og við búum hér til sjálfbærara kerfi. Ég vil að við breytum þessu á sanngjarnan hátt, ég er ekki að tala um að við þurfum að vaða yfir þá sem að ekki geta bjargað sér, en við eigum ekki að letja þá sem geta það til þess að hjálpa sér sjálfir. Breytum þessu og byggjum reglurnar upp með hliðsjón af því að hvatinn þarf að vera til staðar og til þess að það sé til mikils að vinna að forðast það að komast í félagsleg vandræði.

En þá komum við að næsta málefni sem að við ræðum oft í velferðarráðinu og það eru skilyrðingar svokallaðar. Við sjálfstæðismenn höfum bókað að mikilvægt væri að skoða ýmis úrræði í tengslum við fjárhagsáætlun, til dæmis núna fyrir árið 2011, að skoða skilyrðingar. Við hefðum viljað að Samfylkingin og Besti flokkurinn hefðu farið öðruvísi í hækkunir á félagsaðstoð en gert var, meðal annars þannig að við gætum beitt jákvæðri styrkingu eða skilyrðingu með því að fólk tæki þátt í virkniúrræðum. Þannig hefðum við getað hækkað bætur og bætt hvötum inn í kerfið. Þetta var hins vegar ekki rætt og enginn tími var til þess að hlusta og ákveðið að samþykkja bara hækkun bóta án allra skilyrðinga.

Ég vil að við skoðum möguleika á að velferðarsvið geti innleitt rými í fjárhagsaðstoðarreglurnar til að geta veitt sérstaka uppbót eða umbun vilji einstaklingar taka þátt í samfélagsverkefnum eða öðrum virkniverkefnum. Hér erum við ekkert endilega að tala um að allir fái launuð störf heldur en að þeir finni sér eitthvað við hæfi sem hentar þeirra áhugahæfni og við hvetjum til þess að þetta sé gert. Þetta má gera í samstarfi við þriðja geirann, eins og hjálparstofnanir og hagsmunafélög, skóla og fleira. Bara þessi þátttaka getur leitt til þess að einstaklingar komi sér fyrr út úr þeim aðstæðum sem þeir annars geti festis í. Til mikils er að vinna fyrir alla, bæði okkur og þá sem úti sitja. Nú er réttur til

Bstj. 17. maí 2011

atvinnuleysisbóta þannig að þeir sem neita atvinnuviðtali missa bótarétt og fara á svokallaðan biðtíma. Hvað fjárhagsaðstoð til framfærslu varðar liggur fyrir að sveitarfélagið getur lækkað grunnfjárhæð ef umsækjandi hafnar vinnu eða segir starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa á sama hátt og Vinnumiðlun getur og þetta er tilgreint í 3. gr. reglnanna. Ég ætla nú ekkert að lesa hana, ég geri ráð fyrir bara að þið þekkið hana, en það er reyndar mjög mikilvægt að þið kynnið ykkur hana ef þið hafið ekki gert það.

En þrátt fyrir að fólk hafni boðum um að taka þátt í námskeiðum eða öðru slíku að þá getum við ekki beitt þessari 3. reglu, vegna þess að fólk var ekki að neita starfi eða neita því að fara í atvinnuviðtal. Þá höfum við ekki tækifæri til þess að lækka fjárhagsaðstoðina með sama hætti. Þetta er ótækt að mínu mati. Ef fólk er ekki tilbúið að taka þátt án þess að hafa einhverjar skýringar á því hvers vegna ekki og það er mat fagaðila að fólk sé algjörlega hæft til þess að vera á vinnumarkaði, þá höfum við enga hvata. Þá erum við bara með letjandi kerfi sem vindur upp á sig og stækkar þann hóp og gerir það að almennari þætti í kerfinu að það sé erfitt að finna sér vinnu og erfitt að bjarga sér sjálfur og allt í lagi að gera það ekki, þó maður geti það.

Nú er fjárhagslegur hvati, þ.e.a.s. bætur og laun, þú færð í rauninni það lítið hærri laun miðað við það sem þú þarft að leggja á þig til að mæta í vinnu hvern einasta dag og gera það vel, og það er ljóst að ráðstöfunarfé er nánast það sama. Og þeir sem eru á vinnumarkaði þurfa auðvitað að leggja í ákveðinn kostnað sem aðrir þá þurfa ekki og hvatinn er ekki til staðar. Og það virðist sem fólk almennt í þjóðfélaginu sem er mjög sammála því, að það eigi að vera hægt að bjóða þátttöku í verkefnum sem stuðla að því að hjálpa öðrum, leggja eitthvað til samfélagsins og við eigum auðvitað að vinna að því.

Ég ætla aðeins að fara líka yfir stærra samhengið, vegna þess að það þýðir heldur ekkert fyrir okkur hér í Reykjavíkurborg að vera að bæta og vinna úr þeim göllum sem við sjáum á kerfinu við breyttar aðstæður, heldur þarf meira en það, því að Reykjavík er náttúrulega bara einn hluti málsins alls. Við munum aldrei geta búið til það hvetjandi kerfi hér að það verði ekki til atvinnuleysi. Átaksverkefnið ein og sér sem er alveg ágætis skref þau munu ekki skila okkur út úr kreppunni. Ríkisvaldið virðist ekki ráða neitt við hagstjórnina og það getuleysi er eflaust ein

Bstj. 17. maí 2011

mesta ógnun sem borgarkerfið býr við. Og mér finnst svona maður búi einhvern veginn maður búi einhvern veginn við tvö andlit vinstri stjórnarinnar. Vegna þess að þetta er þannig í heildarmyndinni að það er ákveðin tvíhyggja í gangi og mér finnst hún vera alveg hrikalega áberandi nú. Á meðan að önnur höndin segist vinna að jöfnuði og vilja útrýma fátækt er hin höndin að vinna á móti hagsmunum sama hóps. Önnur höndin hækkar bætur til að undirstrika hversu vel skal hugsa um þá fátæku á meðan að hin keppist við að hækka skatta og þjónustugjöld sem veldur því að fyrirtæki verða að hækka vöruverð og allar greiðslur fara beint út í verðlagið, skerða kaupmátt og koma í bakið á sama hópnum og brosað var framan í áður.

Það á að sporna við atvinnuleysi en fyrirtækjunum í landinu er engan veginn gert kleift að ráða fleira fólk vegna aukinnar og óbærilegrar skattbyrgði og annarra gjalda. Og nú er okkur bent á það ítrekað í blöðum að kreppan sem við glímum nú við sé sú versta frá lýðveldisstofnun. Fjárfestingar sem hlutfall af landsframleiðslu hafa ekki verið minni á lýðveldistímanum og svo virðist sem að ríkisstjórninni sé bara nokkuð sama um það. Eins og þið hafið eflaust lesið, þá var vitnað í Ragnar Árnason hagfræðiprófessor í blöðum þar sem hann bendir á að ef öðruvísi hefði verið haldið á málum, að þá væri kreppunni lokið. Þetta eru ekki góðar fréttir. En núna stöndum við frammi fyrir því að eiga það á hættu að ríkið verði gjaldþrota eftir 3-4 ár, segir Ragnar líka.

Hvernig stendur þá á því að hægt er að halda áfram að viðhalda þessari kolröngu og hættulegu skattastefnu sem nú er við lýði þar sem unnið er markvisst gegn hagvexti. Hagvexti sem er það eina sem getur í raun bætt lífskjör okkar og bjargað okkur frá enn meiri hremmingum. Fjármagnstekjuskattarnir hækkuðu og fjárfestingahvatinn er enginn, þrátt fyrir að hluti þjóðarinnar eigi nóg af innistæðum. Innistæðum sem þarf hvata til að fá út í atvinnulífið og svo að fólk leggi fjármagn til fjárfestingaverkefna. Svo langt hefur meira segja verið gengið, að halda því fram að engum heilvita manni hafi dottið í hug að hækka fjármagnstekjur og fyrirtækjaskatta þegar að fjárfesting er svo lítil sem raun ber vitni. Og hér vitna ég í skrif Bjarna Ólafssonar blaðamanns sem skrifaði um epískt hagstjórnarklúður á dögnum. Það væri nú ekki annað en fróðlegt að heyra

Bstj. 17. maí 2011

hvernig varaformaður Samfylkingarinnar sem hér situr svarar þessum ábendingum og ásökunum, þeirra Ragnars og Bjarna Ólafssonar.

Eins mættu fulltrúar Besta flokksins útskýra hvernig þeir sjá fyrir sér að vinna að þessum málum, fylgja þeir stefnu ríkisstjórnarinnar eða sérstaklega stefnu Samfylkingarinnar út í ystu æsar eða hafa þau aðrar skoðanir á þessum málum. Viðskiptaráð gaf út skoðun sína nú 11. maí sl. hún ber heitið – Velferðarkerfið byggir á atvinnurekstri. Og ég held að það sé öllum hér inni holt að lesa og læra af því sem þar kemur fram eða leggja einhver önnur og málefnaleg rök fram. Og mig langar að vitna hér beint í upphafsorð skoðunarinnar, með leyfi forseta: „Umræða undanfarinna missera um íslenskt atvinnulíf er um margt þversagnarkennt. Gjarnan hefur verið gert lítið úr mikilvægi atvinnurekstrar fyrir heildarhagsmuni þjóðarinnar, oft með vísan í gjörningaveður síðustu missera og yfirleitt án efnislegra og tölulegra raka. Um leið liggur fyrir að kraftmikið atvinnulíf þarf til að framleiða þau verðmæti sem standa undir lífsgæðum – ég mun þá fresta því a lesa hér upp úr skoðun Viðskiptaráðs af því að tími minn er búinn. En það er algjörlega ljóst að við höfum verk að vinna í velferðarmálum og við eigum að hafa alla burði til að vinna okkar heimavinnu hér í Reykjavík og það hlýtur að vera krafa okkar að vilja vernda velferð íbúa Reykjavíkur og krefjast þess að ríkisstjórnin breyti um kúrs eða víki hreinlega vegna vanhæfis. Takk.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Áslaug Friðriksdóttir lokið sínu máli. Óskað hefur eftir að veita andsvar borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

**3. mál Umræða um hvetjandi fyrirkomulag fyrir þá sem eru atvinnulausir og fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég var sérstaklega inntur eftir skoðun minni á útspili eða yfirlýsingum eða fullyrðingum eða kenningum Ragnars Árnasonar prófessors í hagfræði um það að skattastefna stjórnvalda ætti sök á stöðunni í atvinnumálum og ég veit ekki hverju og hverju. Og ég las nú þær fréttir en ég var ekki á þessum fundi sem endurskoðunarskrifstofa hér í bæ hélt þar sem Ragnar talaði. En mér fannst það sem birtist eftir honum í fjölmiðlum, og ég hef ekki séð hann leiðrétt, vera afskaplega vandræðalegt og eiginlega alveg furðulegt að bjóða upp á einhvers konar útlekkingar á því að svona Reagan-Omix skattastefna væri ráðið eftir kreppu, þegar að engin ríkisstjórn í heiminum hefur treyst sér til þess að fara þá leið og vandséð hvernig hægt væri að fara hana til þess að stoppa í það gríðarlega mikla fjárlagagat sem við er að etja sem voru 200 milljarðar í upphafi, náðist niður í 100 milljarða og er núna verið að fylla í.

Því að ég veit ekki um neina ríkisstjórn og ég bið borgarfulltrúann að benda mér á einhverja ríkisstjórn sem hefur treyst sér til þess að vinna á fjárlagahalla af einhverri stærðargráðu í líkingu við þann íslenska eða nú bara þann sem við er að eiga í Bretlandi eða annað án þess að fara einhvers konar blandaða leið. Þannig að meðan að Ragnar Árnason, hinn ágæti prófessor, leggur ekki fram einhver gögn, statistík eða annað sem að styðja við þessar stóryrtu og stórkallalegu fullyrðingar þá finnst mér það bara ekki í raun vandræðalegar satt best að segja, því að á meðan að þá birta Joseph Stiglens, Paul Krügan, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Financial Times, New York Times öll helstu viðskiptablöð heimsins, sem að hafa nokkuð augun á Íslandi, greinar þar sem að þau vekja athygli á því að hér hefur gengið betur í viðureign við fjárlagahalla, atvinnuleysi og að láta enda ná saman heldur en í flestum viðmiðunarlöndum.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá er næstur á mælendaskrá borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

**3. mál Umræða um hvetjandi fyrirkomulag fyrir þá sem eru atvinnulausir og fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti og ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á því að þakka borgarfulltrúa Áslaugu Friðriksdóttur fyrir fyrri hluta ræðu sinnar. Mér fannst bara ræðan hennar fyrstu svona 80% af henni bara vera mjög góð, þar til að kom að ný frjálshyggju umræðunni um skattakerfi og fleira sem að reyndar Dagur svaraði í andsvari og ég þarf þá ekki að gera að umtalsefni. En við erum hérna að ræða atvinnuleysi og fjárhagsaðstoð og það er ærinn vandi. Og ég held að það sé mjög gott einmitt að einblína svolítið á það hvernig borgin getur tekist á við þennan stóra vanda án þess að blanda inn í það árásum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á ríkisstjórnina sem er að standa sig gríðarlega vel að mínu mati við erfiðar aðstæður.

En það sem við getum verið sammála um er það, og ég tek undir með borgarfulltrúa Áslaugu Friðriksdóttur, að kerfið eigi að vera hvetjandi. Því að það eru flestir sem lifa við fjárhagsaðstoð sveitarfélaga þeir upplifa sig annars flokks samfélagsþegna, eins og fram kemur í rannsókn félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, og það er mannskemmandi að tilheyra hópi þar sem þú upplifir þig sem annars flokks. Og við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að hjálpa fólki úr þeim sporum. Því að þannig getur sko geta og hæfileikar fólks blómstrað og ég er alveg sammála því að við eigum að þiggja getu fólks og ekki gera ráð fyrir því að fólk hafi ekki eitthvað að gefa samfélaginu.

Það var athyglisvert að á síðasta fundi velferðarráðs, og við erum að ræða fjárhagsaðstoðina þar svona á flestum fundum, og núna vorum við að fá nýjar lykiltölur fyrir fyrstu 3 mánuði þessa árs og það var sláandi að það var rúmlega 30% aukning á milli áranna á fjölda notenda sem eru á framfærsluaðstoð. Og núna í marsmánuði þá voru 378 ungmenni á aldrinum 18-24 ára á framfærslu hjá Reykjavíkurborg og það var bara 15% aukning frá áramótum. Þannig að það er alveg svakalega mikil aukning bara þessa fyrstu 3 mánuði að ungt fólk er að koma á fjárhagsaðstoð. Þannig að í rauninni er það þannig að 27% þeirra sem eru á framfærslu er þetta unga fólk. Og því líður ekki vel eins og ég sagði, þeim finnst þeir vera annars flokks og við verðum að gera allt til þess að koma þessu fólki aftur úr þessum sporum.

Bstj. 17. maí 2011

Það er verið að gera mikið en það er ekki nóg. Því að á sama fundi þá kom hins vegar í ljós að okkur vantar starfsfólk hjá Reykjavíkurborg og það er ekkert nýtt. Við erum að fást við mikið atvinnuleysi en okkur vantar starfsfólk, til dæmis í heimahlynningu sem eru óskaplega gefandi og skemmtileg störf og eru stundum vaktastörf og geta þar með gefið ágætis tekjur og okkur vantar störf innan velferðarsviðs á sama tíma og við horfum upp á fjölgun um hundruð unglinga á milli ára og það er ekki í lagi. Og þess vegna skiptir svo miklu máli að við förum að beita þeim úrræðum sem við höfum til þess að fá fólk til starfa og að við bjóðum fólk störf. Því að ég held að fólk sjái ekki sjálft ekki endilega þessa möguleika þegar að það strax missir vonina og horfir bara á heildartölur um atvinnuleysi og telur sig ekki eiga tækifæri. En það eru tækifæri og við eigum að bjóða þessu fólk tækifæri.

Núna var borgarráð að samþykkja það nýlega að fjölga sumarstörfum um 400 frá því á síðastliðnu ári, þá vorum við að bjóða upp á 1500 sumarstörf nú ætlum við að bjóða upp á 1900 sumarstörf og við ákváðum að fjölga um 400 vegna þess að síðastliðið sumar bættust við 400 námsmenn á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar. Og það er algjörlega óþolandi að við séum að taka við fólk sem er fullfrískt og fullvinnufært og bjóða því fjárhagsaðstoð í stað þess að bjóða því vinnu. Núna höfum við ákveðið það að bjóða þessu fólk vinnu, einmitt því fólk sérstaklega sem að ekki hafði vinnu síðastliðið sumar, þannig að það festist ekki á fjárhagsaðstoð þá kannski annað sumarið í röð og síðan áfram eftir því hvernig framtíðin vex. Ef að fólk sem er vinnufært neitar vinnu þá munum við beita 3. gr. fjárhagsaðstoðarreglnanna um það að fólk fái bara hálfan rétt til framfærslu. Og það er þannig þegar að verið er að tala um það að það vanti skilyrðingar í kerfið, að þá í rauninni vantar ekki reglur, en það mætti beita því meira gagnvart þeim hópi fólks sem er að koma nýtt inn í kerfið, er vinnufært og þarf að fá þrýsting til þess að vinna frekar en að fara á framfærslu.

Því að framfærslan á alltaf að vera algjörlega síðasta val hvers og eins, ef hann hefur engin önnur tækifæri í lífinu. Því að það er vont að lifa á framfærslu sveitarfélagsins. Þannig að við þurfum að beita þessu frekar og munum gera það núna gagnvart þessu unga fólk og virkniráðgjafar á þjónustumiðstöðvum eru farnir að gera það. Og núna eftir að við förum að ræða þessi störf sem að við fáum

Bstj. 17. maí 2011

ekki starfsfólk til innan velferðarsviðs, að þá hafa verið alveg skýr skilaboð til virkniráðgjafa um að þeir eiga að bjóða fólki sem er vinnufært þessi störf. Sem sagt að við séum ekki á sama tíma og við erum að horfa upp á þessa fjölgun að þurfa að borga fólki aukavinnu til þess að taka auka vaktir til þess að sinna öðrum borgarbúum, það gengur ekki. Þannig að þetta er það sem við erum að gera.

Síðan eru ýmis konar úrræði önnur í boði og það eru virkninámskeið, það eru þriggja vikna námskeið sem eru kölluð virknibrú sem að er fyrir þennan unga hóp, þar sem fólk hittist þrisvar í viku tvo klukkutíma í senn í þrjár vikur og er að nýttast vel. Það er búið að gera úttekt á þessum úrræðum og fólk fær heilmikið út úr þeim og við þurfum að bjóða það fleirum. Og síðan er virknisjóður sem fékk fjármagn fyrst á síðasta ári og síðan aftur núna að fara að auglýsa eftir nýjum virkniúrræðum. Og þetta erum við sem sagt að gera, en ég tek undir að við þurfum að gera meira og beita okkur enn frekar og ég bind miklar vonir strax við reynsluna af því hvernig okkur tekst að fólk í þessi sumarstörf. Því að ef að reynslan verður góð af því þá held ég að við eigum að beita þessu gagnvart fleiri hópum, því að það er hægt að hafa mjög mörg störf í borginni, fjölbreytt störf fyrir ýmsa hópa sem við getum boðið fólki uppá í stað þess að bjóða því fjárhagsaðstoð. Því að hættan við það að þegar að þú festist á fjárhagsaðstoð að þá sértu kominn í þennan langtíma vanda sem að mikið þarf til.

Ástæðan fyrir því að það er ekki beitt bara einfaldri skilyrðingu er sú, að hún skilar sér ekki svo auðveldlega. Það þarf að bjóða fólki upp á fjölbreytni í úrræðum og hafa þau einstaklingsmiðuð, því að það sýnir sig að ef að við skilyrðum fólk til virkni með svona skilyrðingum og gerum ekkert annað að þá aukast líkindin til þess að fólkið sé í vinnu tveimur árum seinna nánast ekki um neitt, samkvæmt ýmsum erlendum rannsóknum sem teknar hafa verið saman. Og líkurnar á því að þú sért langtíma notandi fjárhagsaðstoðar hafir þú fengið skilyrðingu eru mjög lítið minni en hjá þeim sem að ekki hafa verið skilyrtir. Þannig að skilyrðingin ein og sér er ekki nóg, heldur þarf að vinna með fólki og gera það einstaklingsmiðað og við þurfum kannski, eins og Áslaug Friðriksdóttir nefndi, að umbuna fyrir virkniverkefni. Það er verið að gera það í þessari virknibrú að þeir sem að klára námskeiðin, af því að það er verið að vinna með ungu fólki þá fá þau, það er verið að gera svolítið fyrir hópinn svona óvissuferðir

Bstj. 17. maí 2011

og eitthvað svona og er það hluti af því að auka félagslega virkni fólks og það er eitthvað sem er jákvætt.

Mig langar aðeins til að bregðast við því varðandi þátt ríkisvaldsins. Að þá er það rétt að ríkisstjórnin ákvað það að auka rétt fólks til atvinnuleysisbóta úr þremur árum í fjögur núna um síðastliðin áramót, en Samband ísl. sveitarfélaga gerði þá skýra kröfu að rétturinn yrði til 5 ára. Og ég á von á því að fulltrúar okkar í stjórn sambandsins sem að hér sitja muni halda þeirri kröfu á lofti, því að það verður ekki hægt að bæta því við hjá sveitarfélögunum að fá til sín mjög mikla holskeflu af viðbótarfólki nú í haust þegar að fólk er sem sagt búið með sinn rétt. Hefði þetta ekki verið gert hefði bæst við mjög mikið hjá okkur í haust, þannig að árið 2012 kemur holskeflan ef ekki bætist við 5. árið. Og ég held bara að við eigum að tryggja það að það verði pólitísk samstaða um það að krefja ríkisvaldið um þetta fimmta ár.

Aðeins um sérstöku húsaleigubæturnar, sem að borgarfulltrúi Áslaug Friðriksdóttir gerði að umtalsefni. Að þá þarf að endurskoða það kerfi því að það er mjög mikill hvati til þess að komast inn í það og ástæðan er sú að fólk hefur lítið á milli handanna, en í dag er það þannig, að fólk öðlast fljótt þá fullan rétt til sérstakra húsaleigubóta og festist síðan í því hámarki. Og núna er sem sagt á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verið að skipa starfshóp sem að á að koma með tillögur um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaganna fyrir þennan hóp og ég vonast til þess að sá starfshópur geti skilað tillögum jafnvel fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. En á framtíðarþingi Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðisins, sem haldi var núna fyrir rúmum mánuði síðan, kom fram mjög skýr krafa frá sveitarfélögunum um samstarf hvað þetta varðar. En það er full ástæða til þess að skoða þetta því að við verðum að passa upp á það að sérstakar húsaleigubætur, að þær verði ekki að almennum húsaleigubótum, heldur að sveitarfélögin séu að veita sérstakan stuðning til þeirra sem á þurfa að halda og það verður að vera mat sveitarfélaganna ekki bara tekjutengt því að þá er það orðið almennt.

En ég veit ekki hvort að ég eigi að hafa þetta eitthvað lengra núna. Aðalatriðið er það að við séum að vinna með fólki og að við séum að meðhöndla fólk á mismunandi hátt eftir því, hvort að við séum að tala um fólk sem að hefur lengi

Bstj. 17. maí 2011

búið við fátækt og félagslega erfiðleika og við getum ekki gert sömu kröfur til og alls hins nýja fólks sem núna er að koma inn á fjárhagsaðstoð. Við verðum að gera miklu meiri kröfur til þess hóp þannig að hann festist ekki í kerfinu og verði framtíðar langtíma notendur fjárhagsaðstoðar, því að þá erum við bara að eyðileggja fyrir því fólki. Og við eigum að nýta okkur getu þess fólks. Og við byrjum núna á sumarstörfunum og verðum svo róttæk áfram.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir lokið máli sínu. Forsetinn vill minna borgarfulltrúana á að borgarfulltrúum ber þegar að þeir ávarpa eða vitna til annarra borgarfulltrúa í ræðu sinni með fullu nafni og titlinum borgarfulltrúi. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúinn Þorleifur Gunnlaugsson.

**3. mál Umræða um hvetjandi fyrirkomulag fyrir þá sem eru atvinnulausir og fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)**

**Þorleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil í upphafi votta borgarfulltrúa Áslaugu Friðriksdóttur samúð mína um að vera bjölluð svona út. Ég nefnilega reyndi þetta ítrekað í upphafi síðasta kjörtímabils þegar að ég var með fyrstu ræðurnar mínar, ég var alltaf með þær of langar. Þetta er óþægilegt. En það er kannski merki um það að þær voru of langar, það kannski má alveg sleppa frjálshyggjukaflanum úr ræðunni þinni. En ég vil þakka borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins fyrir að taka hér upp umræðu um hvetjandi fyrirkomulag fyrir þá sem fá fjárhagsaðstoð og þá sem að njóta atvinnuleysisbóta. Og ég vil einnig þakka borgarfulltrúa Áslaugu Friðriksdóttur fyrir að draga fram hið dulda atvinnuleysi, því að það er mjög mikilvægt að við þekkjum heildarmyndina og það er nóturleg staðreynd ef að rétt er, að um eða yfir 10% Reykvíkinga á höfuðborgarsvæðinu eða fólk á höfuðborgarsvæðinu sé í raun atvinnulaust.

Og það er líka áhyggjuefni sem virðist vera að koma fram núna að atvinnuleysi er yfir spám. Atvinnuleysi þessa dagana er yfir þeim spám sem að hafa verið settar út. Og það er líka rétt hjá borgarfulltrúanum að reikna má með því að aukinn fjöldi fari af atvinnuleysisbótum og á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, sem er dæmi um það sem að ég nefndi áðan, að á næstu árum þá megum við reikna með og eigum að reikna með því að það þurfi að setja aukið fjármagn til velferðarmála, hvort sem það verður ríkið eða sveitarfélögin. Og eins og rætt hefur verið um hér að þá hefur þessi umræða farið fram í velferðarráði og það er, eins og borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir sagði, að þá er ýmislegt í gangi hvað þetta varðar. En betur má ef duga skal og ég tek undir með borgarfulltrúa Áslaugu Friðriksdóttur að það þarf að gefa í og við þurfum að huga vel að þessum málum. Langvarandi atvinnuleysi er mikið bölg og ég þekki það af eigin raun að yfir mann getur komið doði sem er mjög erfitt að rífa sig uppúr þegar að maður er búinn að vera einhvern tíma atvinnulaus. Ég var atvinnulaus í tvo mánuði, ég var virkur í einn mánuð og var kominn í doða á öðrum mánuði strax.

Virkniráðgjöf, starfsendurhæfing og félagsmiðstöðvar fyrir atvinnulaust fólk, allt þetta hefur þjóðhagslega og bara mannréttindalega þýðingu og almenn virkni og hvatning hefur líka þýðingu. Það að borgin skuli veita þeim sem njóta

Bstj. 17. maí 2011

fjárhagsaðstoðar og atvinnulausum í Reykjavík frían aðgang að sundstöðum og bókasöfnum hefur haft mikla þýðingu að mínu mati og ég heyri það frá atvinnulausu fólki að þetta skipti máli hvað virknina varðar. Og það er mín skoðun að við ættum líka að bjóða þessu fólki í strætó, það skiptir líka máli að koma sér af stað, því að það kemur virkninni við líka. Virknivinnan er mikilvæg og ég er sammála því fyrir þennan hóp en ég geld varhug við þvingunum. Það getur verið varasamt að neyða fólk til vinnu. Skjólstaðingar Reykjavíkurborgar eru misjafnlega settir og það sem einn getur það getur verið öðrum ófært. Skilyrðingar sem fyrrverandi meirihluti verður að berjast fyrir og velferðarráð var búinn að setja inn í lagafrumvarp eru varhugaverðar. Það er varhugavert að heimila sveitarfélögum að skilyrða eftir eigin geðþótta fjárhagsaðstoð til þeirra sem hana þurfa. Það gæti orðið til þess að við upplifðum samfélag þar sem að hluti fólks neyðist til þess að stunda betl á götum af því að það hefur engar aðrar tekjur.

Það sama gildir um lækkun fjárhagsaðstoðar með þeim rökum að annars sé um að ræða of lítinn mun hennar og lægstu laun. Að mínu mati getur enginn kjörinn fulltrúi með sómasamlega sjálfsvirðingu sett slíkt fram. Staðreyndin er nefnilega sú að enginn á bótum eða lægstu launum nær skammtíamaviðmiðun velferðarráðuneytisins. Ef marka má Hörpu Njálisdóttur í grein sem að hún skrifaði í Morgunblaðið, Morgunblaðið þið lesið það, 23. apríl sl. þá vantar 20-30% launahækkun til þessa fólks, þeirra sem eru á bótum og þeirra sem eru á lægstu launum, miðað við samninga Alþýðusambandsins og vinnuveitenda til að fólk nái skammtíamaviðmiðun velferðarráðuneytisins. Samningar Alþýðusambandsins og vinnuveitenda og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um bætur er að mínu mati ákvörðun um að festa fátækt í sessi. Í stað þess að tala um lægri bætur eigum við að þora að tala um hærri laun, mannsæmandi laun, það á að vera hvatinn. Að lokum ítreka ég stuðning minn við aukin virkniúrræði fyrir atvinnulausa og fólk á fjárhagsaðstoð, en þau mega ekki bitna á möguleikum þeirra til að lifa sómasamlegu lífi á bótum.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarstjóri.

**3. mál Umræða um hvetjandi fyrirkomulag fyrir þá sem eru atvinnulausir og fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)**

**Borgarstjóri Jón Gnarr:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil nú byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu og fagna henni mjög, mér finnst þetta mjög verðug umræða. Borgarfulltrúi Áslaug Friðriksdóttir óskaði eftir í sinni ræðu svolítið eftir afstöðu Besta flokksins til þessara mála og ætla ég að reyna að svara því aðeins. Varðandi hækkunina á fjárhagsaðstoðinni eins og það frá mínum bæjardyrum að þá finnst mér mjög mikilvægt að hið opinvera eða þá borgin í okkar tilviki komi til móts við íbúa og hjálpi þeim í gegnum þessa efnahagsdýfu sem við höfum verið að ganga í gegnum og mér finnst það eðlilegt og rétt. Síðan er náttúrulega, þetta er svolítið spurning um að finna jafnvægi og að sjálfsögðu þurfa að vera virkniúrræði.

Þannig að ég víki nú aftur að íslenskri menningu. Þá segjum við gjarnan hér þegar að við hittum fólk eða við spyrjum gjarnan fólk sem við hittum; hefur þú ekki nóg að gera? Þetta er mjög þekkt í íslenskri menningu það er að spyrja annað fólk; hvort að það hafi ekki nóg að gera og yfirleitt svarar fólk því játandi og það er jákvætt að fólk hafi nóg fyrir stafni. Þannig að hafa nóg fyrir stafi skiptir okkur mjög miklu máli. Ég þekki það ekki, en ég held að þetta sé ekki mikið í enskumælandi löndum að maður geti spurt fólk; Do you have enough to do, bara svona þegar að maður hittir það. Og held ég að margir mundu taka því einkennilega og finnast sú spurning einkennileg; Do you have enough to do, að það mundi jafnvel spyrja hvað meinar þú. En hérna þarf ekkert að misskilja það þegar að maður spyr; Er ekki nóg að gera? Það er átt við er ekki allt gott og er ekki allt í lagi. Það skiptir mjög miklu máli.

En varðandi virknina að þá finnst mér mjög mikilvægt að við höfum úrræði til þess að hjálpa fólki til að virkja sig. Og ég þekki það sjálfur, ég hef nú verið atvinnulaus og það getur verið mjög lamandi og til langs tíma er það lamandi. En mér finnst svolítið vanta upp á kannski og líka bara í umræðunni, að það eru möguleikar fólks til þess að virkja sig til náms. Og mér finnst alltof margir koma að alltof mörgum lokuðum dyrum í möguleikum til náms. Og ég þekki það, til dæmis eins og varðandi, af því að við höfum nú talað um mikilvægi lista og menningar, að þá er tildæmis listnám mjög gjarnan bundið ströngum

Bstj. 17. maí 2011

inntökuskilyrðum, þ.e.a.s. það eru ekki teknir inn nema visst margir nemendur og skiptir þá engu máli í rauninni hvort að listrænn hæfileiki er til staðar eða ekki, ef að það er búið að uppfylla inntökumagnið að þá bara hellast aðrir úr lestinni og verða þá bara að koma aftur að ári. Og þessu finnst mér að þurfi að breyta. Við þyrftum eiginlega að finna leiðir til þess að reyna að breyta þessu og auðvelda fólki aðgengi að listnámi. Og ég get nú sagt frá því hér til gamans, að ég sótti um tvisvar sinnum í leiklistarskólanum og komst ekki þar inn.

Og sá möguleiki sem ég velti fyrir mér á þeim tíma var þá að fara til útlanda og sækja um í skóla í útlöndum, en það var það dýrt að ég taldi mig ekki hafa efni á því. Ég sá nú eitthvað, ég átta mig nú ekki alveg á því frá hverjum það var, ég sá einhverja auglýsingu í blöðunum á dögnum einmitt um þetta hvernig væri hægt að auðvelda aðgengi að námi. Og ég held að það sé gríðarlega mikilvægt á þessum umbrotatímum og fyrir framtíð okkar samfélags að mennta fólk og að auðvelda og helst bara að reyna að draga fólk hreinlega í menntun. Og það eru fjöldi leiða en það þarf kannski að einfalda og skýra og kynna betur hvaða leiðir eru til fyrir þá sem að eru atvinnulausir til þess að auka við menntun sína. En auðvitað er þetta alltaf, þetta er eins og með þessa umræðu um fjárhagsaðstoðina hvenær er hún góð og hvenær er hún slæm og er hún góð eða er hún slæm, til dæmis þetta þarf að hugsa allt mjög vandlega. Og til dæmis eins og ef að hið opinbera byrjar að greiða fyrir námi hækka þá ekki námsgjöld sjálfkrafa, þannig að það eru ýmsar keldur á þessari leið.

En mér finnst þetta bara mjög góð umræða og mér finnst mjög brýnt að við finnum leiðir til þess að opna fyrir möguleika fyrir fólk til þess að mennta sig. Og ég hef nú rekist á nokkrar mýtur. Ég til dæmis hélt að það væri einhvers konar, það var kölluð 25 ára reglan sem væri í háskólum, þ.e.a.s. ef að þú værir orðinn 25 ára þá bara gætir þú gengið inn í hvaða háskóla sem er og sagt ég er 25 ára og ég ætla fara bara að læra þetta og þetta er algjör misskilningur. Það er engin slík regla í virkni að minnsta kosti, en mér finnst að það ætti að vera slík regla. Mér finnst að það ætti að fagna öllu fólki sem að vill mennta sig og hvetja það til þess. Og ég velti því fyrir mér hvort að það sé kominn tími á lýðháskóla á Íslandi og ég held að það sé kominn tími á eitthvað svoleiðis. Vegna þess að þegar að maður er

Bstj. 17. maí 2011

spurður; er ekki nóg að gera, þá vill maður geta sagt; jú, það er alveg hellingur.  
Takk fyrir.

**Forseti:** Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir.

**3. mál Umræða um hvetjandi fyrirkomulag fyrir þá sem eru atvinnulausir og fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)**

**Eva Einarsdóttir:** Kæri forseti, kærur borgarfulltrúar og kærur borgarar. Ég ætla nú ekki að hafa langa ræðu hér, en mig langar bara að fagna þessari umræðu um hvetjandi fyrirkomulag fyrir atvinnulausa og þá sem fá fjárhagsaðstoð í þessari ágætu borg. Dagskrárliðurinn er frekar opinn og ég ætla aðeins að tala um atvinnumál ungs fólks. En ÍTR hefur lengi séð um þann málaflokk með sóma og í 3. gr. 8. tölulið samþykktar fyrir ÍTR segir; að ÍTR eigi meðal annars að vinna að atvinnumálum ungs fólks í Reykjavík og megin hlutverk þeirra sé að styrkja stöðu ungs fólks í Reykjavík á atvinnumarkaði og hafa ávallt nýjustu upplýsingar um atvinnumál ungs fólks. Og í beinu framhaldi af því, í kringum eða fyrir um áratugi síðan, þá stóð ÍTR fyrir miklu starfi fyrir einmitt fólk í atvinnuleit því þá var atvinnuleysi meira en hafði vanist, þannig að þeir náðu upp þar góðri þekkingu sem hefur svo sannarlega verið að reynast vel núna eftir hrunið. Og eins og svo fólk kannski þekkir til, að þá þekki ég ágætlega inn á þetta sjálf þar sem ég hef unnið bæði á svona námskeiðum, virkinnámskeiðum fyrir ungt atvinnulaust fólk og eins unnið að því að miðla sumarstörfum Reykjavíkurborgar, þannig að ég svo sannarlega þekki til þess að þetta er mikilvægur málaflokkur að halda ungu fólki í virkni. Fyrir nokkrum árum vantaði fólk í sumarstörfin en nú er svo sannarlega sagan önnur. Alls nú í apríl voru á aldrinum 16-24 ára atvinnulausir í lok apríl 2523 og þetta er enginn smá fjöldi og þetta er stór hluti af þeim sem eru einmitt atvinnulausir í þessari góðu borg.

Í skýrslu sem unnin var fyrir félags- og tryggingarmálaráðherra árið 2009, sem núna er velferðarráðuneytið, með leyfi forseta, þá stendur þar: „Reynsla Íslands og annarra norðurlandþjóða frá 10. áratug síðustu aldar bendir eindregið til þess að þörf sé á að hefja markvissan virkniferil fyrir stóran hluta ungra atvinnuleitenda með litla framhaldsskólamenntun með sérstökum námskeiðum sem efla virkni, sjálfsmat og hvata til að auka færni.“ Og þessu hefur Reykjavíkurborg brugðist ágætlega við og meðal annars þeir sem sátu hérna síðast við völd studdu við bakið á góðum námskeiðum og Hitt húsið meðal annars byrjaði með námskeið einmitt 2009 sem ég þekki svo sem vel til, þar sem ég vann á þessum námskeiðum. En það kom fljótt í ljós að það var mikil þörf fyrir svona námskeið, sem byrjuðu fyrst

Bstj. 17. maí 2011

Í styttri kantinum og að sjálfsögðu voru ungmennin, sem þá voru skilyrt til að geta fengið atvinnuleysisbætur hjá Vinnumálastofnun, voru skilyrt til að mæta. Og vissulega tók það viku eða tvær til að fá fólkið aðeins upp úr þessum doða, sem borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson talaði um hérna áðan. En þegar að farið var yfir námskeiðið í lok námskeiðs, þegar að við vorum að meta það saman með ungmennunum þá kom alltaf í ljós að þau vildu lengja námskeiðið – á meðan að þeim fannst sjö vikur vera eins og eitt ár. Þannig að það er sannarlega ljóst að svona virkninámskeið þegar að maður nær til fólksins og fer í gegnum þennan doða sem talað er um, að þá fara hlutir að gerast.

Það sem einkennir oft þetta unga fólk, þ.e.a.s. langtíma atvinnulaust ungt fólk að það er lágt menntunarstig og lítil starfsreynsla, og það er svo sannarlega eitthvað sem hjálpar ekki til þegar að á að fara út á vinnumarkað þar sem fátt er um störf. Og þess vegna er mikilvægt að mörg virknitilboð séu í gangi. Vinnumálastofnun hefur verið með mjög gott verkefni sem heitir „ungt fólk til athafna“ og það hefur hjálpað mikið til. Eins verð ég hér að nefna gott starf Rauða krossins og það er auðvitað nauðsynlegt að þriðji geirinn komi inn og þau hafa gert það með þryði með opinni virkni, með opinni virknimiðstöð sem fólk getur sótt til og mér finnst það bara hið besta mál. En auðvitað er það líka mikilvægt að sveitarfélög og ríki taki á þessu vandamáli. Það sem er líka svo mikilvægt við að ungt fólk sé haldið í virkni er auðvitað þessar tengingar, þar sem maður skapar ekki tengingar nema að maður sé út á meðal fólks og eins þarna skapast atvinnutækifærin ekki nema að maður sé út á við og ekki einangraður heima. Og eins og námskeiðin sýna til dæmis það og ég er sammála borgarstjóra varðandi menntun, að þá þurfum við að fara að skoða það líka í stærra samhengi. Það eru auðvitað margir sem eru að sinna þessu ágæta hlutverki: Námsflokkar Reykjavíkurborgar, eins Keilir símenntunarstofnun. En af þessum möguleikum veit oft fólk ekki fyrr en það er komið í einhvers konar virkninámskeið. Þannig að það undirstrikar að við þurfum að halda utan um unga fólkið okkar, að það hafi tækifæri til námskeiða.

Það sem ég held að við þurfum að hafa í huga og við erum eitthvað byrjuð á, sé að við þurfum að móta skýra stefnu um atvinnumál ungmenna í Reykjavík og sem sagt ekki bara sumarstörf og ég held að sú fjárveiting sem var samþykkt í borgarráði um daginn sé bara byrjun og að halda verði áfram með það góða starf.

Bstj. 17. maí 2011

Eins er mikilvægt samráð og samvinna á milli sviða og sú hefur verið reyndin núna, en betur má ef duga skal og ég held að þetta megi styrkja. Ég held að það sé mikilvægt að verklagsreglum verði komið á varðandi aukafjárveitingar og ákvarðanir um aukafjárveitingar séu teknar tímalega. Og það var það sem við reyndum að gera með því að samþykkja þetta um daginn í borgarráði. Og eins er mikilvægt að móta ferla varðandi forgangshópa í sumarstörf hjá borginni ásamt því að auka samstarf um ráðningu einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð. Ég held að ég ætli ekki að hafa þetta lengra. En þar sem að þetta er verðugur málaflokkur og unga fólkið er jú okkar framtíð að þá bara fagna ég því að hér sé þessi umræða og ég vonast til þess að við tökum þessa umræðu aftur og betur.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

**3. mál Umræða um hvetjandi fyrirkomulag fyrir þá sem eru atvinnulausir og fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið enda hefur hún verið málefnaleg og góð, og þakka ég fyrir það. Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að ræða þessi mál miklu mun oftur heldur en við gerum kannski. Okkur hefur svona hætt til að skilja þessi brýnu verkefni velferðarráðs dálítið ekki eftir þar, en þau eru miklu meira til umræðu þar heldur hugsanlega á þessum vettvangi. Það skapast að einhverju leyti vegna þess að umræðan þykir oft á tíðum dálítið sértæk og er það. Hún krefst finnst mörgum ákveðinnar sérþekkingar en það er líka vegna þess að sem betur fer hefur verið ágætis samfella og samstaða um brýnustu verkefnin á vettvangi velferðaráðs á undanförunum misserum. Og í þessu erfiða velferðarástandi getum við kallað það að einhverju leyti, því það hefur auðvitað verið hart sótt að mörgum þáttum velferðarþjónustu, ekki bara í Reykjavík heldur bara á Íslandi og svona nýjar áskoranir og ögranir í því umhverfi, þá er til mikillar fyrirmyndar finnst mér hvernig meirihlutaskipti hér hafa ekki valdið kollsteypum í þessum málaflokki enda hefði það verið með öllu ótækt, þannig að ég vil nota tækifærið og þakka fyrir það.

Ég held að það sé líka mikilvægt einmitt að taka umræðuna og við gerðum það til dæmis og það voru nú nokkrir hér í þessum sal sem að sóttu þá ferð undir lok síðasta kjörtímabils, þegar að við fórum til annarra borga og reyndum að læra af þeirra reynslu. Og ef við drögum það saman að þá var það kannski svona skýrustu skilaboðin til okkar að láta það ekki gerast á Íslandi, að eftir sætu hópar fólks sem einhverra hluta vegna hefðu ekki sömu tækifæri og aðrir. Og þetta birtist mjög skýrt í borgum eins og Helsinki sem hefur glímt við erfiða kreppu í tví- ef ekki þrígang og töldu að það hefði verið erfiðasta sem að hefði verið skilið eftir eftir það ástand, að ákveðinn hópur fólks var án þeirra tækifæra og það svona næstum því skilgreint þannig að það gengi í arf slík staða, sem er auðvitað svo sorglegt að það viljum við ekki að gerist í íslensku samfélagi. Þannig að ég hvet okkur áfram til þess að læra af því og heyra að við erum á svipuðum stað hvað þessa þætti varðar. Og ég vil nota tækifærið vegna þess að á vettvangi borgarstjórnarflokks Sjálfstæðismanna, eins og er auðvitað í borgarstjórnarflokkunum öllum, er mikil

Bstj. 17. maí 2011

umræða um þessi mál. Þau mál hafa verið leidd í okkar hópi af Áslaugu Friðriksdóttur og Geir Sveinssyni og auðvitað líka af Jórunni Frímansdóttur sem var í forsvari fyrir okkur á sínum tíma og það hefur mikil vinna verið í gangi hjá þessum fulltrúum, verið að skoða hvað hefur best gefist annars staðar og þættir sem að skipta máli og þessi umræða er svona spröttin upp úr þeirri umræðu og eins umræður sem við höfum vakið upp á Facebook til þess að reyna að fá tilfinningu fólks fyrir verkefninu.

Og alls staðar, alveg sama hvort það er í umræðunni á svona faglegum grunni eða fræðilegum eða ef hann er á grunni þess eins og á Facebook þar sem allir tjá sig um verkefni, þá held ég að flestir séu sammála um það og flestir eru hræddir við það sem var svo ágætlega lýst hér áðan, bæði af borgarstjóra og Þorleifi Gunnlaugssyni borgarfulltrúa, að það er þetta að hvatningin sé ekki lengur til staðar og virknin hverfi. Þannig að þó við séum ekki endilega sammála um allar leiðir þá held ég að við getum verið sammála um það að það viljum við ekki að gerist og ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að skoða kosti í því sem geta á einhverjum tímapunkti veri óhefðbundnir, en geta engu að síður verið nauðsynlegir. Þannig að ég hvet okkur til að gera það og ég hvet okkur til að gera það ekki einungis innan velferðarráðs heldur einnig víðar.

Það er auðvitað fullt af hlutum sem hefur verið gert hjá Reykjavíkurborg sem hefur verið í algjörrri forystu hvað varðar svona úrræði, hvort sem við berum okkur saman í raun og veru við ríkið eða önnur sveitarfélög, þá nefni ég sérstaklega þætti eins og atvinnuátaksverkefni sem við höfum haldið mjög vel utan um á undanförunum árum. Ég nefni framboð á ákveðnu námi, til dæmis hjá Hinu húsinu sem hefur verið með frábær verkefni fyrir ungt fólk. Svo verkefni eins og Völundarverkið sem var auðvitað fyrst og síðast hugsað sem óhefðbundið virkniverkefni og fullt af öðrum þáttum. Og svo eru auðvitað þættir sem við þurfum að skoða betur og ég saknaði aðeins í umræðunni hér áðan um unga fólk, það er sú staðreynd til dæmis að það var farin sú leið í þessari fjárhagsáætlun núna, að yngsti hópurinn sem hingað til hefur fengið vinnu í Vinnuskóla Reykjavíkur fær hana ekki lengur.

Þannig að það er sem sagt stytur sá tími og í stað þess að gera, til dæmis það sem okkur var ráðlagt mjög afdráttarlaust á síðasta kjörtímabili þegar að við leituðum

Bstj. 17. maí 2011

ráðgjafar um það, vegna þess að við þurftum að hagræða í Vinnuskólanum, þá var það mat sérfræðinga að við ættum alls ekki að gera það þannig að taka eitt ár af ungmennunum, heldur að minnka frekar framlag þeirra, minnka vinnuna, en alls ekki koma í veg fyrir að þau fengju vinnu. Og mér finnst það dálítið sérkennileg ákvörðun hjá núverandi meirihluta að fara gegn þessari ráðgjöf og taka af ungmennunum heilt ár í staðinn fyrir að minnka þá vinnuna ef það hefði þurft að gera. Vegna þess að alls staðar voru sömu skilaboðin, við verðum að tryggja að þetta fólk hafi einhvern stað til þess að mæta á ákveðnum tíma það eitt skiptir máli óháð því hvort að klukkutíminn er einum meiri eða einum minni, það er minna mál.

Þannig allt er þetta spurning um það að raða þessu upp sem best og ég efast ekki um að við erum öll að því, en það tengist einmitt því sem var talað um svo mikið þegar að kreppan skall hér á og menn voru að leita sér ráðgjafar að tryggja það að það væri samfella í þessu og þessi virkni væri einhvern veginn ekki einungis fyrir þá sem að eldri eru, heldur líka fyrir þá sem yngri eru. Og ég fagna sérstaklega að sjálfsögðu þeirri tillögu sem að okkar fulltrúar í velferðarráði hyggjast flytja á fundi velferðarráðs um það að ræða við ríkisvaldið um það hvort að það sé hægt að koma fyrir, nú horfi ég á Áslaugu vegna þess að bjallan stöðvaði Áslaugu og kannski komst Áslaug ekki svo langt í ræðu sinni að segja frá þeirri umræðu sem að okkar fulltrúar hafa áhuga á að taka upp á vettvangi velferðarráðs. Okkur fannst eðlilegra að gera það þannig og kynna það bara hér í staðinn fyrir að flytja tillögu og leita eftir afbrigðum, enda getum við tekið umræðuna um það síðar hér, þannig að ég ætla ekki að taka það af Áslaugu og ég styð tillöguna. Hún kemur kannski hér upp á eftir og nær þá að klára ræðuna sína. En fyrst og síðast þakka ég fyrir umræðuna og brýni okkur í því að þó að við séum ekki sammála um allar leiðir, þá held ég að við séum sammála um þessa virkni og þessa hvatningu frekar en það að kerfið virki letjandi og það eitt og sér getur þá verið markmið í sjálfu sér og við getum sameinast um það.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Forseti vill minna borgarfulltrúana á að borgarfulltrúum ber þegar að þeir ávarpa eða vitna til annarra borgarfulltrúa í ræðu sinni að nota fullt nafn og titilinn

Bstj. 17. maí 2011

borgarfulltrúi. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir.

**3. mál Umræða um hvetjandi fyrirkomulag fyrir þá sem eru atvinnulausir og fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)**

**Eva Einarsdóttir:** Já, mig langaði bara rétt að koma inn á það sem að borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir kom inná. Jú, það er erfitt að velja þegar að verið er að gera fjárhagsáætlun og þarna tel ég að hún sé að tala um 8. bekk í Vinnuskólanum sem við því miður höfum ákveðið að setja til hliðar. Þeir fengu starf ef ég man rétt í þrjár vikur þrjá tíma á dag. Við höfum ákveðið að þetta urðum við því miður að skera niður. En við í íþróttá- og tólmstundaráði erum aftur ámóti að hyggja á að geta boðið þeim upp á einhverja skemmtilega frístund frá frístundamiðstöðvunum sex sem að eru í borginni. Ég er einmitt sammála því að það er mikilvægt að hafa einhvern fastan stað sem að þau geta komið saman á og hist. Þannig að ég vildi bara koma því á framfæri.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir lokið við að veita andsvar. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Áslaug Friðriksdóttir.

**3. mál Umræða um hvetjandi fyrirkomulag fyrir þá sem eru atvinnulausir og fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)**

**Áslaug Friðriksdóttir:** Borgarstjóri, borgarfulltrúar. Ég þakka bara fyrir ágætar umræður og innlegg í þessa umræðu sem við höfum hérna áðan. Og ég held ég haldi nú ekkert áfram með upplestur úr skýrslu viðskiptaráðs og geri ráð fyrir að þið munuð lesa hana sjálf. En hún er algjörlega þess virði og þó að það sé, mig langar til að svara Degi B. Eggertssyni borgarfulltrúa, þó að það sé erfitt að finna dæmi eins og Ísland sem kemur náttúrulega engum manni á óvart, vegna þess að við erum í frekar sérstökum aðstæðum. Þá er hins vegar ekkert hægt að afneita hagfræðilegum rökum með einhverju einu lykilorði – nýfrjálshyggja, það er bara fáránlegt og lýsir ekki því að maður vilji leggja eitthvað ábyrgðarfullt til málanna. Síðan verð ég nú líka að segja það, að ársreikningurinn sem var hér til umræðu áðan er eflaust er það sem hann felur með sér afsprengi þess að meirihlutinn fylgir nákvæmlega sömu stefnu og ríkisvaldið hefur gert það í rauninni að hækka skatta og gjöld til þess að ná inn meiri tekjum, lagði fram nánast engar hagræðingartillögur og það er bara óábyrgt að vilja ekki ræða um hvers virði einkageirinn er til dæmis og störfín í honum og beita einungis þessar þröngsýnu leið til þess að sýna fram á góðan rekstur. Því í raun og veru eru tvær hliðar á þessum pening og hann er sá annars vegar náttúrulega rekstur hins opinbera, en hins vegar reksturinn í einkageiranum og atvinnuleysið, þetta loðir allt saman og það er ekkert hægt að tala um að það sé skrýtið að vera ræða þau atriði eins og Ragnar Arnason gerði á sínum fundi.

Annars langar mig að þakka þeim hinum sem hér komu og ég finn alveg að við höfum sameiginlegan skilning á því að auka virkni og koma til móts við þá sem að þurfa meiri þjónustu og það er nákvæmlega brýnt að hafa eitthvað að gera. Ég tek undir það með borgarstjóra. Og síðan eins og Hanna Birna kom að þá hérna boðum við tillögu í velferðarráði sem að snýst um það að við leggjum öll hönd á plóg við það að lengja tímabil atvinnuleysisbóta aftur upp í fimm ár, bara vegna aðstæðna og mikils atvinnuleysis, en á sínum tíma var þetta tímabil minnkað eins og við fórum yfir áðan. Og mér heyrir að við séum nokkurn veginn sammála um það, en við ræðum það bara betur inni í velferðarráði. Þá hef ég ekki mál mitt lengra en þakka kærlega fyrir góðar umræður.

Bstj. 17. maí 2011

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Áslaug Friðriksdóttir lokið máli sínu. Forseti vill minna borgarfulltrúann á að honum ber að beina máli sínu til forseta, jafnframt ber borgarfulltrúanum að ávarpa aðra borgarfulltrúa með fullu nafni. Fleiri hafa ekki beðið um orðið undir þessum lið. Það láðist að taka á dagskrá kosningu fimm fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara ásamt formannskjöri. [Forseti hringir bjöllu og biður alla borgarfulltrúa að koma í sal] Þeir sem samþykkja vilja að taka kosningu í stjórn Faxaflóahafna sf. á dagskrá gefi merki. Það er samþykkt að taka á dagskrá kosningu fimm fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara ásamt formannskjöri. Hefst þá kosning fimm aðalfulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. Tilnefndir hafa verið af S/Æ-lista eftir taldir þrír fulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf.:

S/Æ-listi           Hjálmar Sveinsson  
                          Björk Vilhelmsdóttir  
                          Páll Hjaltason

og eftirtaldir tveir fulltrúar af D-lista:

Júlíus Vífill Ingvarsson  
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Tilnefndir hafa verið jafnmargir fulltrúar og kjósa skal og ekki fleiri. Skoðast þessir fulltrúar því rétt kjörnir aðalmenn í stjórn Faxaflóahafna sf.

Þá er það kosning fimm varafulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. Tilnefndir hafa verið af S/Æ-lista eftirtaldir þrír fulltrúar:

S. Björn Blöndal  
Arna Garðarsdóttir  
Dagur B. Eggertsson

og eftirtaldir tveir fulltrúar af D-lista:

Gísli Marteinn Baldursson  
Kjartan Magnússon

Tilnefndir hafa verið jafnmargir fulltrúar og kjósa skal og ekki fleiri. Skoðast þessir fulltrúar því rétt kjörnir varafulltrúar í stjórn Faxaflóahafna sf. Þá er komið að kjöri formanns stjórnar Faxaflóahafna sf. Ein tilnefning, Hjálmar Sveinsson,

Bstj. 17. maí 2011

hefur borist. Fleiri tilnefningar hafa ekki borist og skoðast því Hjálmar Sveinsson réttkjörinn formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.

Ósk hefur borist um að taka á dagskrá fundarins tillögu um kosningu aðalmanns í menningar- og ferðamálaráð. Þeir sem samþykkja vilja að taka tillöguna á dagskrá gefi merki. Það telst samþykkt. Þá er tillagan um að Harpa Elísa Þórsdóttir taki sæti í menningar- og ferðamálaráð í stað Hugleiks Dagssonar borin upp. Þeir sem samþykkja vilja tillöguna gefi merki. Tillagan telst samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum.

Þá liggja fyrir fundargerðir borgarráðs frá 5. maí; 20 liður kosning varamanns í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar. Þá er tillaga um að Bergur Ebbs Benediktsson taki sæti í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar í stað Karls Æ. Karlssonar. Þeir sem samþykkja tillöguna gefi merki. Eru einhverjir á móti, svo er ekki. Tillagan telst því samþykkt með 15 atkvæðum. Enginn hefur hvatt sér hljóðs og þá er umræðu lokið. Þá er umræðu lokið og slít fundi borgarstjórnar kl. 20:10.